



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skipulagsvald yfir Keldnalandi

Á fundi borgarráðs þann 15. júní sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óljóst er af umræðunni um Keldnaland hvort Reykjavíkurborg eða Betri samgöngur fari með skipulagsvald á svæðinu. Með hliðsjón af því óska borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir skriflegum svörum um hvort Reykjavíkurborg hyggst útvista skipulagsvaldinu sínu til Betri samgagna og ef svo er hvernig verði staðið að skipulagsferlinu

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 21. júní sl.

Svar:

Í 3. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kemur fram að það er lögbundið hlutverk sveitarstjórna að annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Reykjavíkurborg hyggst ekki útvista skipulagsvaldi sínu til Betri samgagna.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara